

Ársskýrsla 2023



Aðalfundur Landvarðafélags Íslands var haldinn 17. mars 2022 á Kex hostel. Áfram sátu í stjórn; Nína Aradóttir (formaður), Rakel Anna Boulter (ritari) og Hrafnhildur Vala Friðriksdóttir (gjaldkeri). Benedikt Traustason hafði setið sem varamaður í stjórn í tvö ár en gaf nú kost á sér sem varaformaður og Þórhallur Jóhannsson sem hafði verið varaformaður gaf kost á sér sem varamaður. Bjartey Unnur Stefánsdóttir (meðstjórnandi) og Guðrún Úlfarsdóttir (varamaður) voru kosnar nýjar í stjórn. Af störfum létu Guðrún Tryggvadóttir og Eyrún Þóra Guðmundsdóttir. Í launa- og kjaranefnd buðu sig fram Benedikt Traustason, Nína Aradóttir, Þorgeir Adamsson, Þórhallur Jóhannsson og Guðmundur Björnsson. Anna Pálsdóttir, Guðrún Úlfarsdóttir og Sólborg Birgisdóttir buðu sig fram í skemmti- og fræðslunefnd og í alþjóðanefnd sátu áfram Hrafnhildur Ævarsdóttir, Linda Björk Hallgrímsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir.

Aðalfundur afgreiddi eina ályktun á fundinum, ályktun um orkuþörf framtíðar - Vantar okkur í alvöru 32 Hvalárvirkjanir? - og sendi fréttatilkynningu til fjölmiðla í kjölfarið. Ný stefna félagsins var samþykkt á aðalfundinum og í þeirri stefnu var kveðið á um að hver ný stjórn skyldi gera sér aðgerðaráætlun til eins árs.

Stjórn fundaði ellefu sinnum yfir starfsárið og fór í vinnuferð á Hrollaugsstaði í Suðursveit, aðsetur landvarða á Breiðamerkursandi. Eitt af aðal verkefnum stjórnar þar var að undirbúa könnun til að senda á félagsmenn, fund með forsvarsmönnum stofnananna og málþing um framtíðarsýn landvörslu. Einnig nýttum við tækifærið og heimsóttum starfsstöðvar landvarða á Breiðamerkursandi og í Skaftafelli.

Fræðslu- og skemmtimál

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá félaginu. Um vorið var farið í fræðslugöngu á Bessastaðanesi þar sem Kári Kristjánsson fræddi landverði um sögu og náttúrufar svæðisins. Í maí var haldið fróðlegt námskeið hjá Arctic Trucks um akstur og umhirðu breyttra bíla, en við vonumst til að þetta verði liður í starfsþróun landvarða í framtíðinni. Í árlegri haustferð Landvarðafélagsins heimsóttum við Eldgjá og Langasjó og gistum tvær nætur í Hólaskjóli. Fræðsla og leiðsögn um svæðið var ekki af verri endanum enda reynsluboltar í röðum landvarða sem sáu um fræðsluna. Í upphafi aðventu hittust landverðir yfir jólaglöggi og piparkökum og ræddu náttúruverndarmál líðandi stundar. Stærsti viðburðurinn var þó án efa fyrsta árhátíð félagsins sem fór fram úr okkar björtustu væntingum og erum við strax farin að hlakka til þeirrar næstu!

Hagsmunamál

Stjórn fór á fund með umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra, Guðlaugi Þór, eftir að óskað hafði verið eftir fundi þegar hann tók við embætti. Við nýttum tækifærið til að kynna störf landvarða og mikilvægi þeirra og áttum í framhaldi samtali um okkar helstu áherslumál er varða náttúruvernd. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fór í haustferð og heimsótti m.a. Friðland að Fjallabaki og Eldgjá þar sem Nína tók á móti þeim fyrir hönd félagsins og fór með þeim í fræðslugöngu og lagði mikla áherslu á mikilvægi sameiningu náttúruverndar undir einni stofnun og undirfjármögnun.

Á starfsárinu sendum við félögum eina könnun um öryggis- og kjaramál og framtíðarsýn landvörslu. Við funduðum með forsvarsmönnum stofnananna í nóvember þar sem við kynntum m.a. niðurstöðurnar úr könnuninni og lögðum mikla áherslu á að öryggismál væru ekki fullnægjandi.

Stjórn hefur skilað af sér þremur umsögnum á árinu; um skýrslu nefndar um áskoranir á friðlýstum svæðum og þjóðgörðum, um svæðisskipulag á Suðurhálandinu og um eflingu landvörslu. Landvarðafélaginu var boðið að taka þátt í borgaralegri rýni á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og vorum við með fulltrúa í þremur hópum sem spönnuðu sjö markmið.

Kynningastarf

Stjórn hefur lagt mikla áherslu á að kynna starfsemi félagsins, störf landvarða og náttúruverndarmál á tímabilinu. Nína og Júlía Björnsdóttir héldu erindi í tengslum við ljósmyndasýningu Jessicu Auer í Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem bar titilinn Landverðir. Þær fjölluðu um mikilvægi landvörslu, sögðu sögur frá sumrinu og fjölluðu um áskoranirnar sem fylgja því að finna jafnvægið milli náttúruverndar og nýtingar. Nína hélt einnig erindi á myndakvöldi Útivistar þar sem hún talaði um samspil landvörslu og jarðfræði og um mikilvægi landvörslu í tengslum við ábyrgt ferðafrelsi á fundi Landverndar og Ferðafélags Íslands. Að venju fengum við tækifæri til að kynna félagið á landvarðanámskeiðinu sem haldið er af Umhverfisstofnun og á námskeiðinu „friðlýst svæði, landvarsla og stjórnun“ sem kennt er við Háskóla Íslands. Á dagskrá í vor er að kynna félagið og störf landvarða fyrir nemendum við Háskólann á Hólum sem hljóta landvarðaréttindi við námslok og fyrir verðandi leiðsögumenn í Menntaskólanum í Kópavogi. Virkni á samfélagsmiðlum hefur haldið áfram að vaxa, sérstaklega með aðstoð flakkara instragrami yfir sumartíman.

Kjaramál

Stefnt var á að ljúka stofnanasamnings viðræðum fyrir sumarið sem tókst því miður ekki þrátt fyrir óteljandi fundi og vilja okkar til að ljúka þessu af. Um haustið hófust viðræður á ný og í nóvember var skrifað undir samninginn eftir stranga baráttu og mikil fundahöld. Þrátt fyrir að við hefðum viljað halda ferðatímanum óbreyttum teljum við okkur hafa fengið eins góðan samning og völ var á.

Á aðalfundi fyrir ári síðan vorum við vongóð um að við gætum óskað eftir að Sameyki hefði samningsumboð fyrir okkur þar sem við teljum hagsmunum okkar betur varið þar eins og við höfum kynnt fyrir félögum. Það kom þó í ljós að ekki var hægt að skipta um stéttarfélagsaðild fyrr en kjarasamningar SGS við ríkið væru lausir sem verður 31. mars. Við ákváðum því að hefja viðræður um skiptingu yfir í Sameyki aftur og hefur meirihluti starfandi landvarða sótt um skiptingu úr SGS yfir í Sameyki næstu mánaðarmót. Við erum því bjartsýn að þessi skipting takist í þetta skiptið en höldum ykkur áfram upplýstum um stöðu mála.

Málþing um framtíðarsýn landvörslu

Stærsta verkefni stjórnar var þó án efa málþing um framtíðarsýn landvörslu. Þar var fjallað um upphafsdaga skipulagðrar landvörslu á Íslandi, ólíkar aðferðir við landvörslu, margbrotin hlutverk landvarða bæði á Íslandi og í Evrópu og loks ýmsar áskoranir sem landverðir þurfa að glíma við í störfum sínum. Í kjölfarið fóru fram umræður þar sem sjónum var beint að því hvert hlutverk landvarða ætti að vera, hvernig við menntum góða landverði, hvernig við búum til góða vinnustaði fyrir landverði og loks um hvernig við viljum hafa ímynd og orðspor landvarða. Fjörugar umræður mynduðust og að þeim loknum voru þær kynntar fyrir þátttakendum. Þátttaka á málþinginu var góð en 80 tóku samtals þátt, 50 í sal en 30 voru með í gegnum streymi. Við erum einstaklega þakklát öllum sem tóku þátt, sérstaklega fyrirlesurum fyrir sitt framlag, Frú Vigdísi Finnbogadóttur fyrir að heiðra okkur með nærveru sinni og þátttöku í umræðum og loks Katrínu Oddsdóttur fundarstjóra fyrir frábæra fundarstjórn.

Stjórn hefur hafist handa við að taka saman niðurstöður málþingsins í skýrslu sem verður kynnt fyrir félögum á aðalfundi. Einnig hefur verið óskað eftir fundi með Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytsráðherra og forsvarsmönnum Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum til að kynna niðurstöðurnar.

Stjórn Landvarðafélags Íslands þ. 26. mars 2023.

